



Reykjavík 19.05.2022

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og heilbrigðisráðs frá 18. maí 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Laun nema Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2022

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 13. maí 2022 varðandi hækkun tímakaups í vinnuskólanum sumarið 2022.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fundarskjal: bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags 13. maí 2022

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Hækkun á tímakaupi nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2022

Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð samþykki eftirfarandi hækkun launa nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur 2022:

- Tímakaup nemenda úr 8. bekki hækki úr 664 kr. í 711 kr.
- Tímakaup nemenda úr 9. bekki hækki úr 886 kr. í 947 kr.
- Tímakaup nemenda úr 10. bekki hækki úr 1.107 kr. í 1.184 kr.

Hækkunin á tímakaupi nemur um 7%. Á fjárhagsáætlun eru tæplega 158 milljónir á launalið nemenda en með hækkun launataxta og skráðan fjölda nemenda þann 13. maí 2022, um 2.300 nemendur, þarf að sækja um hækkun á launalið um tæplega 60 milljónir. Nemendum getur fjölgað eitthvað umfram 2.300 en erfitt er að spá fyrir um endanlegan fjölda.

Ljóst er að þessi hækkun rúmast ekki innan launaliðs nemenda í fjárhagsáætlun umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2022. Tillagan er því lögð fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð með fyrirvara um samþykki borgarráðs um aukafjárveitingu.

Þær hækkunir sem hér eru lagðar til fylgja sömu aðferðafræði og notast var við 2021, þ.e. hlutfallstengingu við lágsta launaflokk í kjarasamningi sveitarfélags og viðkomandi starfsmannafélags.

Virðingarfyllt,

Magnús Arnar Sveinbjörnsson
Skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur